

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. mars 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) vísa til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með tillögunni er fyrirbyggjandi tillaga um verndar- og orkunýtingaráætlun að mestu samhljóða tillögu sem var flutt á 145., 146. og 151. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. SI benda á að samtökin veittu umsögn um fyrrgreind þingmál, sbr. umsagnir dags. 26. september 2016, 5. apríl 2017 og 9. febrúar 2021. Tvær síðarnefndu umsagnirnar SI sendu samtökin sameiginlega með Samtökum atvinnulífsins.

Misræmi hvað varðar vægi faghópa

Í sameiginlegri umsögn SI og Samtaka atvinnulífsins frá 9. febrúar 2021 var ítrekuð sú skoðun samtakanna að þau séu ósammála þeirri niðurstöðu verkefnisstjórnar um vernd og orkunýtingu landsvæða („**rammaáætlun**“) að byggja ákvörðun um vernd og nýtingu einungis á niðurstöðu tveggja faghópa af fjórum. Þá var í umræddri umsögn áréttað að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, um flokkun virkjunarkosta gera ráð fyrir að hún byggji á þremur þáttum sjálfbærrar þróunar, þ.e. efnahag, samfélagi og umhverfi. Töldu samtökin þáverandi tillögu hins vegar nær eingöngu byggja á þröngri nálgun sem er mat á neikvæðum áhrifum á umhverfi, náttúru og ferðamennsku. Ítreka SI hér með framanritað og fyrri afstöðu er viðkemur fyrirbyggjandi tillögu sem hér er til umfjöllunar en óska jafnframt eftir að koma eftirfarandi á framfæri.

Eins og samtökin hafa bent á er fyrirbyggjandi tillaga, nú sem áður, með þá ágalla á að enn hafa ekki allir faghópar skilað tillögum sínum þrátt fyrir skýra kröfu laga til slíks. Vísast hér m.a. til umfjöllunar um störf faghópa í greinargerð með fyrirbyggjandi tillögu, sbr. kafli 2.2. Nánar tiltekið segir þar að faghópur 3 hafi skilað niðurstöðum af íbúafundum og úr skoðanakönnun meðal landsmanna en aðferðafræði þess hóps leyfði hins vegar ekki röðun virkjunarkosta. Þá hafi faghópur 4 komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu forsendur til að meta þjóðhagslega hagkvæmni þeirra virkjanakosta sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar og því var ekki um aðrar niðurstöður að ræða frá þeim faghópi. Draga verður þá ályktum af umfjöllun þessari að enn hafi ekki komið fram með óbyggjandi hætti niðurstaða faghópa 3 og 4 og tæmi niðurstaða verkefnastjórnar ekki þau lagaskilyrði sem lög um verndar- og orkunýtingaráætlun gera til slíkrar vinnu. Telja SI mikilvægt að fyrir liggja niðurstaða **allra** faghópa sem lögum samkvæmt var ætlað að fjalla um efnahags- og samfélagslega þætti í stað þess að byggja eingöngu og alfarið á þröngri nálgun annarra þátta, s.s. ferðaþjónustu.

Þá telja SI að með fyrirliggjandi niðurstöðum faghópa 1 og 2 sé verið að veita auknu vægi sjónarmiðum sem önnur sérlög taka til, s.s. lög um náttúruvernd, sem tryggja hagsmuni náttúru og umhverfis betur en áður og sér í lagi réttarbót frá því að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun voru sett.

Má þannig segja að lög um verndar- og orkunýtingu séu að vissu leyti á skjön við aðra lagasetningu sem tengjast framkvæmdum og sem dæmi má nefna að skipulagslög, lög um náttúruvernd og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana taki að fullu til þeirra álitamála sem falla undir lög um verndar- og orkunýtingu. Má því velta upp þeirri spurningu hvort önnur og yngri sérlög taki ekki nú þegar á þeim álitamálum og tryggi umhverfi og náttúru þá vernd sem rammaáætlun er nú þegar að fjalla um.

Lykilatriði er að leggja megináherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins sem eins og áður segir byggir á þremur grunnstöðum sem eru vistkerfið, félagslegar aðstæður og efnahagslegir þættir. Þessar stöðir eru nátengdar og ákvarðanir um einn þátt geta haft áhrif á hina tvo.

Þá benda SI á að fólksfjölgun og ný atvinnustarfsemi í gagnaverum, matvælaframleiðslu, líftækni almennum iðnaði, orkuskiptum, ferðaþjónustu eða á öðrum sviðum krefst aukinnar orkuframleiðslu sem mæta verður með grænni orku. Að auki skapast möguleikar til útflutnings orkuþekkingar, tæknilausna og orku í formi eldsneytis, s.s. vetnis eða rafeldsneytis og eru fjölmörg verkefni á því sviði í þróun hér á landi. Þarna þarf að horfa til langrar framtíðar og tryggja að Íslendingar geti áfram notið sjálfbærrar nýtingar þeirra auðlinda sem landið hefur búið þeim.

SI gera því athugasemdir við vægi neikvæðra áhrifa ferðamennsku í fyrirliggjandi tillögu. Benda SI á að mörg orkuver eru fjölsóttir ferðamannastaðir og nægir þar að nefna Bláa Lónið í því samhengi ásamt gestastofum virkjana um land allt. Orkufyrirtæki hafa þar að auki lagt sig fram við að fella orkumannvirki vel að náttúrunni og umhverfi. Má draga þá ályktun af ásókn ferðamanna á slíka staði að ferðamennska og orkuvinnsla geta vel farið saman sé rétt að málum staðið. Þá er einnig vert að benda á að samkvæmt nýútkominni skýrslu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði í byrjun þessa árs um stöðu og áskoranir í orkumálum, með vísan til markmiða í loftslagsmálum, er orkuþörf millilandaflugs, og þar með ferðaþjónustu, vegna orkuskipta stór hluti þeirrar auknu orkuþarfar sem dregin er fram í skýrslunni fram til ársins 2040 eða 2050. Það er því þröngt sjónarhorn að ræða um hagsmuni ferðaþjónustu í samhengi við náttúruvernd þegar ljóst er að millilandaflug vegur mjög þungt í aukinni orkuöflunarþörf til framtíðar.

Að mati SI kallar þetta misræmi á heildarendurskoðun vinnulags við vinnu rammaáætlunar og mikilvægt að hefjast þegar handa við vinna nýtt ferli við þá áætlun, s.s. í takt við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar um endurskoðun á þeim lögum sem rammaáætlun grundvallast á. Brýnt er að vinna við rammaáætlun grundvallist á heildarmati á öllum virkjunarkostum, óháð því í hvaða flokk þeir eru settir í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Viðvarandi orkuskortur

Að gefnu tilefni ítreka SI mikilvægi þess að stjórnvöld bregðist við þeim áskorunum sem upp hafa komið undanfarna mánuði í raforkumálum þar sem til staðar er raforkuskortur. Skorturinn hefur leitt til raforkuskerðingar og þess neyðarúrræðis að brenna jarðefnaeldsneyti til að knýja áfram jafnt atvinnustarfsemi sem og húshitun til heimila. Er um að ræða ástand sem m.a. er tilkomið vegna skorts á raforkuframleiðslu sem og uppsafnaðrar viðhaldsþarfar í flutnings- og dreifikerfi, kerfi sem á stöku stað er allt að hálftrar aldar gamalt og löngu úr sér gengið.

Enn sér ekki fyrir endann á núverandi skerðingum og fulltrúar raforkufyrirtækja hafa á opinberum vettvangi bent á að ástand þetta verði viðvarandi fram til loka apríl og/eða maí í besta falli. Er slíkt ástand með öllu óviðunandi og skref aftur á bak í þeirri vegferð að tryggja hér á landi nægilega orku til jafnt almennings og atvinnulífs. Að sama skapi er slíkur raforkuskortur ekki til þess fallinn að tryggja eftirfylgni með loftslagsmarkmiðum Íslands, heldur þvert á móti, og þá sér í lagi þegar grípa þarf til brennslu á jarðefnaeldsneyti til að tryggja aðgengi að þeirri grunnstoð samfélagsins sem raforka sannarlega er.

SI vísa hér aftur til skýrslu starfshóps um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum í ljósi markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum, sem kynnt var 8.mars sl. Eins og fram kemur í skýrslunni stöndum við frammi fyrir þeirri áskorun að velja leiðir í orku- og loftslagsmálum sem eru allt frá því að vera virkir þátttakendur í þeirri grænu iðnbyltingu sem nú á sér stað um heim allan, með áframhaldandi hagvexti og bættum lífskjörum, til þess að slá af, horfa inn á við, draga saman orkusækna atvinnustarfsemi og líta til annarra verðmæta. Ef fara á fyrrnefnda leið þarf að auka raforkuframleiðslu á Íslandi með rafafli sem nemur um 124% frá því sem nú er, eða um 100 MW eða meira á ári næstu 20 til 30 ár, og gefa um það skýr skilaboð. Þá segir einnig að samhliða þurfi að auka skilvirkni undirbúnings og leyfisveitingaferla og styrkja viðkomandi stofnanir í þeirri vegferð. Til samanburðar benda SI á að uppsett afl Reykjanesvirkjunar er 100 MW, Búrfellsstöðvar II 100 MW, Nesjavallavirkjunar 120 MW, og Sultartangastöðvar 125 MW. Því kalla nauðsynlegar umbætur í raforkukerfinu á eina slíka stöð á ári næstu áratugi og mun sú aflþörf aukast því lengur sem beðið er með að ráðast út í slíkar framkvæmdir. Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að orkuöflunarkostir eru mun fjölbreyttari í dag en áður, meðal annars með vindorku, virkjun sjávarfalla og glatvarma svo fáein dæmi séu tekin. Hins vegar eru enn ýmsar hindranir í vegi fyrir virkjun slíkra orkukosta, s.s. að regluverk er ekki sniðið að slíkum orkukostum með sama hætti og t.a.m. vatnsafl og jarðvarmi og er mikilvægt að mati samtakanna að regluverk sé tæknihlutlaust er viðkemur orkukostum og veitingu leyfa til að framleiða og selja orku óháð uppruna. Þessu til viðbótar má benda á að einnig eru til staðar aðgangshindranir fyrir raforkunotendur til að miðla umframorku aftur inn á raforkukerfið enda gera lög og reglur á sviði raforkuviðskipta ekki að fullu ráð fyrir slíkum virkum notendum á söluhlið raforkumála.

Þá verður hér ekki litið framhjá því orkutapi sem til staðar er hvern dag vegna uppsafnaðar viðhaldsþarfar í raforkukerfinu en á meðan kerfi Landsnets er fulllestað, og nauðsynlegar framkvæmdir í bið vegna tafa við útgáfu nauðsynlegra leyfa í stjórnsýslukerfinu, tapast raforka úr kerfinu sem nemur um 76 MW. Til samanburðar er uppsett afl í Kröflustöð 60 MW og Svartsengi 74 MW. Er því verulegt magn raforku sem glatast daglega í raforkukerfinu sökum hindrana sem eru í vegi Landsnets að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir til að bæta flutningskerfið.

SI telja því að ekki verði lengur beðið eftir nauðsynlegri innviðauppbýggingu í raforkukerfinu til að sinna jafnt þörfum almennings og atvinnulífs og síðast en ekki síst til að tryggja að við sem þjóð náum settum markmiðum í loftslagsmálum.

Niðurlag

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu að þingsályktun. SI mæla með því að fyrirleggjandi tillaga verði afgreidd frá Alþingi en ítreka fyrri ábendingar um ágalla á vinnu við rammaáætlun sem mikilvægt að taka til nánari skoðunar, sér í lagi hvað varðar áframhaldandi vinnu við rammaáætlun. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI